

um útböð opinberra framkvæmda.

Flm.: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta, eftir því sem við verður komið, bjóða út í ákvæðisvinnu þau verk, sem ríkissjóður og ríkisstofnanir þurfa að láta vinna hverju sinni, og verði þeim aðilum, sem hagstæðust tilboð gera, falið að annast framkvæmdirnar, ef telja má tilboðin hagstæðari en að láta viðkomandi ríkisstofnanir vinna verkin.

Greinargerð.

Árlega er unnið að margvíslegum framkvæmdum á vegum ríkissjóðs eða ríkisstofnana, svo sem vega- og brúagerðum, vitanabyggingum, hafnarmanuvirkjum, flugvallagerð, raforkuverum og dreifikerfum í sambandi við þau, símalagningu, skóla-byggingum og margvíslegum öðrum húsbýggingum. Eru árlegar fjárveitingar til ýmiss konar opinberra framkvæmda á annað hundrað milljónir króna, og að auki er oft um að ræða mannvirkjagerð, sem kostar tugi milljóna króna og aflað er fjár til með sérstökum hætti utan fjárlaga.

Það liggur í augum uppi, hversu mikilvægt er fyrir þjóðfélagið, að þetta mikla fjármagn nýtist sem best og framkvæmdirnar verði sem ódýrastar. Að framkvæmdunum er unnið annaðhvort á þann hátt að leita tilboða frá byggingarfyrirtækjum í einstök verk eða ríkisstofnanir þær, sem fara með yfirstjórn viðkomandi framkvæmda, annast verkin sjálfar og hafa í því skyni fastráðna verkfræðinga og ýmiss konar aðra sérfræðinga í þjónustu sinni. Er miklu algengara, að ríkisstofnanir annast framkvæmdir en þær séu boðnar út. Útböð hafa einkum verið tíðkuð við byggingu orkuvera og nokkrar aðrar stórframkvæmdir.

Án efa er heppilegast á sumum sviðum, að mannvirkjagerð sé í höndum þeirra stofnana, sem annast yfirstjórn viðkomandi framkvæmda og þurfa jafnan að hafa sérfræðinga í sinni þjónustu, en þó er áreiðanlega full ástæða til að leita tilboða í fleiri opinberar framkvæmdir en nú er gert. Mörg byggingarfyrirtæki, sem eiga margvíslegar vinnuvélar og hafa góða sérfræðinga í sinni þjónustu, eru nú til í landinu, og getur það ekki verið nema til góðs að leita eftir því, hvort þessi fyrirtæki treysta sér til að vinna verkin fyrir minna fé en viðkomandi ríkisstofnun sjálf telur sér fært að gera. Kvartanir opinberra framkvæmdastofnana um skort verkfræðinga og annarra faglærðra manna eru og því til stuðnings, að hagnýtt sé sú sérfræðipækking, sem einkabyggingarfyrirtæki hafa yfir að ráða. Loks er það veigamikil röksemd, að ríkisstofnunum er full þörf á aðhaldi því, sem samanburður við einkafyrirtækin skapar.

Það fer nokkuð eftir atvikum, hvaða verk skuli bjóða út, og því þarf að athuga málið rækilega frá ýmsum hliðum, áður en auðið er að mynda fastar reglur um það, hver opinber verk skuli boðin út og hver ekki. Það er hins vegar skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að ef ekkert sérstakt mæli því í gegn, eigi það að vera meginregla að bjóða út öll nýbyggingarverk, en viðhald allt verður að sjálf-sögðu í höndum viðkomandi ríkisstofnunar.

Í sambandi við þessa tillögu má á það benda, að sparnaðarnefnd, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1954, taldi sjálfsagt, að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs yrðu boðnar út í ákvæðisvinnu, nema sérstakar ástæður væru því til hindrunar. Er lítil vafi á því, að almennt útböð verklegra framkvæmda gæti leitt til verulegs sparnaðar fyrir ríkissjóð.